

70
13. júlí

X. KAFLI.

Sektarákvæði o. fl.

30. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal fara sem opinber lögreglumál, og greiði hinn seki allt að 100 kr. sekt fyrir afbrot sitt, er renni í sveitarsjóð.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 85, 22. nóvember 1907, til þess að öðlast gildi 1. ágúst 1932 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 13. júlí 1932.

Þorsteinn Briem.

Vigfús Einarsson.

71
16. júlí

REGLUGERÐ

um

rannsókn banameina og kennslu í meina og líffærafræði.

Samkvæmt lögum nr. 24 frá 1927, hafa verið sett eftirfarandi ákvæði um rannsókn banameina og kennslu í meina- og líffærafræði:

1. gr.

Yfirlæknum á sjúkrahúsum ríkisins skal vera heimilt, eftir því sem þeim þykir ástæða til, að rannsaka sjálfir eða láta sérfræðing í meinafræði rannsaka með krufningu og á annan hátt banamein sjúklinga þeirra, sem þar deyja.

2. gr.

Þeim yfirlæknum og meinafræðingum, sem hér um ræðir og jafnframt eru kennarar við læknadeild Háskólans, skal vera heimilt að notfæra þessar krufningar og rannsóknir, eftir því sem við verður komið, til stuðnings kennslunnar í meina- og líffærafræði við læknadeildina.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

71

16. júlí

Þetta birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í dómsmálaráðuneytinu, 16. júlí 1932.***Magnús Guðmundsson.**

*Gissur Bergsteinsson.***S A M Þ Y K K T**

72

22. júlí

um

einkasíma frá Hofsósi að Bæ í Skagafirði.

1. gr.

Símar þeir, er þessi samþykkt nær til, eru frá Hofsósi um Sólbakka og Þönglaskála að Bæ.

2. gr.

Símar þeir, sem taldir eru í 1. gr., skulu lagðir svo fljótt, sem fé fæst til símalagningarinnar. Gerð símanna skal vera eftir tillögum landssímastjóra.

3. gr.

Afgreiðslu á síma sínum, svo og daglegt viðhald og bráðabirgða-aðgerðir, annast hver símanotandi á einkasímasvæðinu, er síma hefir. Hvað snertir símalínuna utan húsa, skiptist þetta þannig, að ábúandi Bæjar og eigandi „Stefánshúss“ í Bæ, annist símalínuna frá Bæ að Þönglaskála, en ábúendur Þönglaskála og Sólbakka, að jöfnu frá Þönglaskála til miðstöðvar í Hofsósi.

4. gr.

Búendur á jörðunum Bæ og Þönglaskála, svo og ábúendur „Stefánshúss“ í Bæ og Sólbakka, ganga í símafélag, er nefnist: „Einkasímafélag Höfðstrendinga I“, og greiðir það kostnað þann, sem lagning símanna og viðhald þeirra hefir í för með sér, að frádregnum þeim $\frac{3}{5}$ hlutum stofnkostnaðar, er landssíminn greiðir, og því daglega viðhaldi, er um getur í 3. gr.Kostnaði þessum skal jafnað niður á þá, er talsímaáhald fá, í því hlutfalli, sem hér segir: Eigandi Bæjar greiði $\frac{1}{2}$ stofnkostnaðar, en eigendur „Stefánshúss“ í Bæ, Þönglaskála og Sólbakka $\frac{1}{6}$ hluta hver. Viðhald skiptist á sama hátt og um getur í síðari málsgrein 3. gr.